

ARÐGREIÐSLUSTEFNA KVIKU BANKA HF.

1 Tilgangur og markmið arðgreiðslustefnu

- 1.1 Stjórn Kviku banka hf. (hér eftir „Kvika“ eða „félagið“) hefur markað félaginu stefnu sem verður grundvöllur að tillögum til aðalfunda um arðgreiðslur til hluthafa.
- 1.2 Markmið arðgreiðslustefnu félagsins er að hámarka arðsemi og ávöxtun eigna félagsins og að tryggja að hluthafar þess njóti góðs af hagkvæmum og árangursríkum rekstri þess.

2 Arðgreiðslur

- 2.1 Stefnt skal að því að hluthöfum verði árlega skilað arði sem nemur að lágmarki 25% af hagnaði síðasta árs eftir skatta, hvort heldur sem það er gert í formi arðgreiðslna eða með kaupum á eigin bréfum, samkvæmt formlegri endurkaupaáætlun, allt í samræmi við heimildir laga og ákvörðun hluthafafundar. Tilgangur kaupa á eigin bréfum er að lækka hlutafé félagsins, sé svigrúm til þess. Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslu eða eftir atvikum fjárhæð sem varið er til kaupa á eigin bréfum skal litið til þess að félagið viðhaldi sterkri fjárhagsstöðu og jafnframt að tekið sé mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og þess að félagið viðhaldi til framtíðar traustri eigin- og lausafjárstöðu. Arðgreiðslur eru þó háðar mati á þeim tækifærum sem felast í að endurfjárfesta hagnaði í rekstri og vexti félagsins.
- 2.2 Arðgreiðslur skulu ávallt vera í samræmi við lög og reglur sem eru í gildi á hverjum tíma, þ.m.t. lög nr. 2/1995, um hlutafélög og lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

3 Endurskoðun

- 3.1 Arðgreiðslustefna Kviku er samþykkt af stjórn félagsins og skal endurskoðuð a.m.k. einu sinni á ári.

Samþykkt af stjórn Kviku banka hf. 27. febrúar 2020